

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

33. árgangur

2011



Fermingarbörn

í Garða- og Vídalínskirkju 2011

Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Sumarnámskeið Vífils í 23. sinn

Hafðu samband

sími 444 7000 * arionbanki.is



Fermingargjöf sem *vex*

— *Framtíðarreikningur* Arion banka

Framtíðarreikningur **Arion banka** er góð gjöf frá þeim sem vilja leggja traustan grunn að framtíð fermingarbarnsins.

Framtíðarreikningur er verðtryggður innláns-reikningur sem gefur hæstu vexti almennra verðtryggðra innláns-reikninga. Innistæðan er laus til úttektar við 18 ára aldur.



Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum **Arion banka** eða á arionbanki.is.

 Arion banki

Þrítugasti og þriðji árgangur

Fermingarblað Skátafélagsins Vífils er eitt elsta blað bæjarins og kemur nú út í þrítugasta og þriðja skiptið. Eins og á árum áður er starf Vífils kynnt, sem og birting lista yfir fermingarborn sem fermast í Garða- og Vídalínskirkju, ásamt þeim börnum úr Garðabæ sem fermd eru í Bessastaðakirkju.

Annasamt sumar

Síðastliðið sumar var mikið um að vera hjá skátunum í Garðabæ. Rekkaskátarnir fóru til Færeyja og Dróttaskátarnir á landsmót í Austurríki. Þá fóru Fálkaskátarnir á Landnemamót í Viðey og Drekarinnir á Drekkaskátamót og í byrjun ágúst var afmælistmót kvenskáta á Íslandi haldið á Úlfliótsvatni.

Sumarnámskeið Vífils

Sumarið 2011 verða sumarnámskeið Vífils í boði eins og undanfarin tuttugu og tvö sumur. Valið stendur á milli Grallaranámskeiða, Smíðavallarins og Útilífs- og ævintýranámskeiða. Vonast er til þess að börn og ungmenni í Garðabæ sækja námskeiðin af sama áhuga og áður og nýir þátttakendur eru ávallt velkomnir!



Hátíðarhöld

Vífill hefur árum saman staðið fyrir hátíðarhöldum í Garðabæ og að sjálfsgöðu verða Sumardagurinn fyrsti og 17. júní haldnir hátíðlegir í umsjón Vífils ár.

Flokkafjör

Flokkafjör er einnar nætur útilega sem haldin er í Jötunheimum, skátaheimilinu í Garðabæ. Flokkafjör var fyrst prófað í fyrra og gekk það með eindæmum vel. Hefur verið ákveðið að halda þessu áfram.

Heimasíðan

Vífill hefur nú opnað nýja og endurbætta vefsíðu. Viljum við hvetja foreldra skátanna til að nota hana meira. Sveitarforingjar reyna að skrifa nokkur orð eftir hvern fund, ásamt því að setja inn myndir. Einnig er að finna ýmsan fróðleik um Vífil og skátastarf.

*Með skátakveðju,
Brynjar Smári Alfreðsson
Daníel Grétarsson
Ritstjórar*



Skátaping 2010

Skátaping er þing skáta sem haldið er ár hvert. Þar eru lög skátahreyfingarinnar endurskoðuð, farið er yfir helstu komandi atburði og einnig er stjórn Bandalagsins og kosið í ýmis embætti. Skátaping var sett föstudaginn 19. mars í Sjálandsskóla Garðabæ og Vífill sá um alla framkvæmd þingsins.

Á föstudagskvöldinu voru almenn aðalfundarstörf, þar sem kosnir voru skátahöfðingi þar sem kosin var nýr skátahöfðingi. Á laugardeginum voru vinnuhópar og kynningar. Á sunnudeginum voru svo afgreiddar ályktanir og tillögur. Framtíðarsýn BÍs var kynnt og undirbúin.



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður
Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Ritstjórn
Brynjar Smári Alfreðsson
Daníel Grétarsson
Björn Hilmarsson

Greinarhöfundar
Atli B. Bachmann
Alexandra Ýr van Erven
Brynjar Smári Alfreðsson
Bergþóra Ólög Björnsdóttir
Daníel Grétarsson
Hildur Hafsteinsdóttir
Salbjörg Kristín Sverrisdóttir

Myndir
Myndir úr myndasafni Vífils
og ritstjórnar.



Vonumst til að sjá sem flesta!

Hátíðarhöld samkvæmt hefðinni

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta, en sterk hefð hefur myndast um hátíðahöldin í Garðabæ. Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 44 ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13.00

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13:00 og hefst svo skátaguðþjónusta strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins. Við hvetjum alla Garðbæinga til að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14:00. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar. Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Blásarasveit Garðabæjar um göngutakt og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Blásarasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst

skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. leiktæki, söng og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælistökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífls verður þar samkvæmt hefð. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonumst til þess að sjá sem flesta! Allir Garðbæingar eru hvattir til að koma og taka þátt í hátíðahöldunum. Hér á síðunni má sjá myndir frá hátíðinni í fyrra.



Krydd
&
Kaviar



Hádegisverðapjónusta

Krydd & Kaviar...og bragðlaukarnir brosa

Sími 824 7731 / 565 9933 www.kryddogkaviar.is



Vertu ískaldur
og gefðu
Gjafakort sem
gleður

ÍSBUÐIN
Kringlunni • Smáralind • Garðabæ
www.isbud.is

Kringlunni, Smáralind & Garðabæ



Dreifing þjóðskrár og fyrirtækjaskrár

- Þjóðum reglulegar uppfærslur á þjóðskrá og fyrirtækjaskrá
- Sjálfvirkar uppfærslur daglega, vikulega eða mánaðarlega
- Þjóðskrárlausnir fyrir margar tegundir gagnagrunna
- Þjóðarsýn uppflattikerfið
- XML aðgangur


FERLI
www.ferli.is



Drekaskátasveitin Furðufuglar

Drekaskátastarf er fyrir börn á aldrinum sjö til níu ára og byggist það á fundum einu sinni í viku í eina og hálf klukkustund. Starfið er brotið upp með dagsferðum og útilegum. Drekarnir taka einnig þátt í svokölluðu Flokkafjöri. Þau eru haldin í skátaheimilinu, eina nótt í senn og er dagskráin fjölbreytt og þjálfar m.a. það þessa yngstu skáta í að vera að heiman yfir nótt.

Starfið í drekaskátunum var orðið svo öflugt eftir sumarið að því varð að skipta niður í tvær sveitir, ein fyrir þau allra yngstu og önnur fyrir þau sem lengra eru komin. Margt hefur á daga skátanna drifið en það sem stendur hvað hæst upp úr er félagsútilegan. Drekaskátar hafa áður komið í dagsferð á laugardeginum en aldrei gist. Í kjölfar flokkafjöranna fengu þau að gista allan tímann núna og gekk það ljómandi vel. Krakkarnir enduðu starfsárið 2009-10 á fjölmennri ferð á Drekaskátamót sem haldið var á Úlfjótssvatni. Á fundum læra börnin ýmislegt. Þau hnýta hnúta, læra skyndihjálp, útielun, syngja, klifra, hjóla, fara í sund og margt annað ásamt því að læra skátaheitið og skátalögin.



EKKI GISKA!

- nákvæmar lengdir með laser sjónauka



Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 510 5100
www.ismar.is

 **ISMAR**
Við mælum með því besta



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Aðstoðar félagsforingi

Guðfinna Harðardóttir

Ritari

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Gjaldkeri

Guðbjörg Þórðardóttir

Meðstjórnendur

Hjálmar Örn Arnarson
Jóhann S. Erlendsson
Hjálmar Örn Hinz

Fornmenn 10 – 12 ára

Í fálkaskátasveitinni Fornmönnum starfa um tuttugu strákar á aldrinum tíu til tólf ára. Starf sveitarinnar skiptist í þrjá flokksfundir og einn sveitarfund í mánuði. Hver mánuður hefur sitt þema og þar má nefna náttúru og útivist, áttavita og kort, skyndihjálpar og vígslugrunn. Lagt var upp með að drengirnir skipulegðu starf sitt að miklu leyti sjálfir út frá verkefnabanka foringja og dagskrárramma BÍS með þátttöku í sveitarráði. Í vetur fór sveitin í vígsluútilegu þar sem nýir meðlimir voru vígðir inn og einnig tóku þeir þátt í Flokkafjörum félagsins. Skátarnir fóru á Landnemamót í Viðey síðasta sumar eins og vaninn er og hafa þeir alltaf jafn gaman af því. Starfið á fundum er fjölbreytt en skipuleggja skátarnir það að mestu sjálfir, allt frá útileikjum og matarsmökkun til krefjandi verkefna sem byggja á samvinnu og trausti.

**Salur Jötunheima****Veislur eða fundir****Glæsilegur salur í hjarta bæjarins**

Salurinn okkar í Jötunheimum getur tekið um 100 manns í sæti og er allt til reiðu fyrir veislur eins og fermingar, brúðkaup, afmæli eða stóra vinnufundi.

Salurinn er mjög vel tækjum búinn með skjávarpa, sýningartjaldi og hljóðkerfi.

Eldhúsið er vel útbúið. Eldavél og ofn til að hita sósur og rétti, einnig allar borðbúnaður og stór og góð uppþvottavél.

Salurinn hefur verið vinsæll til útleigu og hvetjum við alla áhugasama til að hafa samband á skrifstofu félagsins til að fá nánari upplýsingar.

Sjá nánar á www.vifill.is



PIZZAN



Fálkaskátasveitin Forynjur

Í fálkaskátasveitinni Forynjum starfa skátastúlkur á aldrinum 10-12 ára. Í ár hefur fjölgað töluvert í sveitinni og nú eru um fimmtán stúlkur starfandi í sveitinni. Stúlkurnar starfa í þremur flokkum, Valkyrjum, Vofum og Vampírum. Fundir

eru haldnir á mánudögum klukkan 17.00 - 19.00 og þar fer ýmislegt fram. Í byrjun starfsársins fórum við í stórskemmtilega vígsluútilegu í Vífilsbúð í Heiðmörk. Við vorum búnar að læra hvernig við áttum að búa okkur fyrir alvöru skátaútilegu og gengum meira að segja með farangurinn

hálf leið í skálann. Á fundunum fórum við meðal annars í sundferð og hjólatúr í hellirigningu. Við höfum lært ýmislegt í tengslum við matargerð, bæði innan dyra og utan. Úti bökuðum við brauð yfir opnum eldi ásamt því að grilla sykurpúða og poppa. Svo héldum við glæsilega kökuskreytingakeppni og elduðum dýrindis pylsupasta. Við höfum fengið heimsóknir frá hinum ýmsu sérfræðingum og lærðum til dæmis á kort og áttavita hjá Gísla. Fyrir jólin gerðum við okkur afar fallega kertastjaka og bökuðum smákökur.

Eftir áramót fórum við í aðra útilegu, í þetta skiptið í skátaskálann Þrist. Við gistum í tvær nætur og lentum í ýmsum afar krefjandi ævintýrum. Við þurftum að vaða drullu til að komast að skálanum, sækja vatn í ána við skálann og hjálpuðum geimverunni Zorbx að komast heim til sín. Þó svo að útilegan hafi verið erfið og krefjandi komu allar Forynjur heim með bros á vör. Eftir útileguna tóku síðan við spennandi verkefni þar sem við fengum að kynnast heiminum. Hver flokkur fékk tvo fundi til að rannsaka eina heimsálfu og á þriðja fundinum kynntum við heimsálfuna fyrir allri sveitinni. Þar fengum við að heyra skemmtilega tónlist og smakka framandi rétti alls staðar að úr heiminum. Guðrún Þórey kenndi okkur síðan grunnatriði í skyndihjálpi og við héldum eftirminnilegt Pálínuboð. Það sem eftir er starfsársins ætlum við að þrykkja á boli, fara á kajak, læra meiri og spennandi útiildun og fara í Amazing Race, síðan lýkur starfinu með glæsilegri vorhátíð. Í sumar ætlum við síðan að fara á skátamót í Viðey sem verður eflaust mikið fjör.

Við hvetjum allar áhugasamar stúlkur á aldrinum 10-12 ára að kíkja á fund hjá okkur, það er alltaf pláss fyrir fleiri og nóg af skemmtilegum verkefnum í boði!

Svansprent með Svansvottun

Í nóvember 2010 hlaut prentframleiðsla Svansprents vottun norræna umhverfismerkisins Svansins.

Starfsmenn Svansprents eru stoltir af því að stuðla að aukinni sjálfbærni og verndun umhverfisins.

VIÐ HLUSTUM – VERKIN TALA



Auðbrekka 12 200 Kópavogur Sími 510 2700 svansprent@svansprent.is

Viltu verða félagi í Skátafélaginu Vífli? Komdu í Jötunheima við Bæjarbraut eða hringdu í síma 565-8820. Nánar á www.vifill.is.



Hönnunarsafn Íslands varðveitir og miðlar íslenskri og erlendri hönnunar-sögu, einkum frá aldamótum 1900 til samtímans. Safnið á í dag um 1200 gripi og heldur reglulega sýningar á safneigninni og sérsýningar á hinum ýmsu greinum hönnunar og listhandverks. Í versluninni Kraum í anddyri safnsins er glæsilegt úrval íslenskrar hönnunar. Verið velkomin!



HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Garðatorg 1, 210 Garðabær
Opið þri. - sund. kl. 12 - 17. Lokað mánudaga
Sími 512 1525 og 512 1526
honnunarsafn@honnunarsafn.is
www.honnunarsafn.is

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2011

Prestar verða sr. Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur, sr. Friðrik J. Hjartar prestur og Hans Guðberg Alfreðsson prestur.

VÍDALÍNSKIRKJA 2. apríl kl. 10.30.

Alexander Breki Marinósson	Kaldakri 8
Arnar Þór Arnarsson	Ásbúð 78
Aron Haukur Heimisson	Stekkjartöl 5
Axel Gunnarsson	Hraunási 1
Ástríður Þóra Viðarsdóttir	Aftanhæð 7
Benedikt Gísli Gylfason	Hraunhólum 19
Daði Valgeir Jakobsson	Frjóakri 10
Eiríkur Egill Gíslason	Þrastarlundi 20
Elías Ýmir Larsen	Löngulínu 29
Erik Hafþór Pálsson Hillers	Kjarrmóm 8
Guðjón Viðarsson	Aftanhæð 7
Halldór Árni Gunnarsson	Jafnakri 6
Heiðar Kristóbertsson	Steinási 12
Ingibjörg Ásta Norðdahl	Dalsbyggð 18
Ingimar Daði Ómarsson	Blómahæð 2
Ísak Örn Jafetsson	Greniási 11
Jason Óli Ólafsson	Hörgatúni 15
Kristín Eva Gunnarsdóttir	Birkihæð 3
Kristín Viðarsdóttir	Aftanhæð 7
Marius Helgi Sigurdarson	Súlunesi 3
Sara Þrastardóttir	Smáraflöt 39
Sara Líf Sigsteinsdóttir	Hæðarbyggð 26
Snædís Sunna Thorlacius	Hraunhólum 8
Svandís Birna Bjarnadóttir	Lynghæð 4
Sverrir Geir Gunnarsson	Jafnakri 6
Þorri Harðarson	Sunnufliöt 6

GARÐAKIRKJA 2. apríl kl. 13.00.

Arna María Ormsdóttir	Breiðási 7
Ásta Gígja Elfarsdóttir	Sunnufliöt 10
Björg Hulda Hinriksdóttir	Engimýri 10
Daniela Sara Sævarsdóttir	Súlunesi 16
Gunnar Valdimar Johnsen	Ögurási 7
Helga Hrund Halldórsdóttir	Holtshúð 103
Iðunn Getz Jóhannsdóttir	Hörgslundi 9
Lena María Árnadóttir	Strandvegi 8
Lovísa Rut Tjörvadóttir	Lyngmóm 8
Sara Sól Hannesdóttir	Krókamýri 12
Sigrún Dís Bjarnadóttir	Lerkiási 10
Stefanía Theodórsdóttir	Furuási 6
Victor Friðriksson	Klettási 20

GARÐAKIRKJA 3. apríl kl. 13.00.

Alma Guðrún Pálsdóttir	Bæjargili 73
Chantal Ösp van Erven	Bæjargili 120
Einar Ingi Eypórsson	Birkiási 14
Guðbjörn Snær Björnsson	Brúnási 18
Guðrún Georgsdóttir	Blómahæð 12
Guðmundur Á Guðmundss	Markarflöt 55
Hekla Mjöll Finnbogadóttir	Bæjargili 25
Hildur Sif Ingadóttir	Dalsbyggð 6
Hrafnhildur H Össurardóttir	Tjaldanesi 5
Hrannar Ingi Benediktsson	Bæjargili 26
Íris Rós Hauksdóttir	Holtshúð 8
Karitas Marý Bjarnadóttir	Árakri 9
Margrét Ýr Sigurjónsdóttir	Bjarkarási 2
Sandra K Alexandersdóttir	Hjálmakri 7
Þórunn Jónsdóttir	Sunnufliöt 39

VÍDALÍNSKIRKJA 9. apríl kl. 10.30.

Adam Jarron	Bæjargili 38
Almar Kristmannsson	Urðarhæð 12
Aníta Björt Berkeley	Línakri 1C
Arna Dís Arnþórsdóttir	Hvannakri 10
Arnar Ingi Traustason	Bæjargili 86
Ágúst Leó Björnsson	Bæjargili 62
Ásdís Hrund Skaftadóttir	Brúnási 16
Bergþóra Þórarinsdóttir	Markarflöt 26
Daníel Oddsson	Ásbúð 2
Edda Rún Sverrisdóttir	Kjarrmóm 36
Egill Aron Þórisson	Bæjargili 108
Elísabet Ásta Daðadóttir	Hegranesi 11
Emil Gunnlaugsson	Skógarlundi 13
Gabriel Crozier Sigurðsson	Dalsbyggð 7
Guðmundur Rögnvaldsson	Súlunesi 10
Gunnar Árni Ólafsson	Sjávargrund 3B
Hrefna Mjöll Þórisdóttir	Lynghólum 20a
Hrefna Þuríður Leifsdóttir	Brúnási 1
Hörður F Þórisson Clausen	Holtshúð 73
Jóhanna-Clara Lauth	Aratúni 1
Sebastian Johansen	Fífumýri 14
Sigríður Kristín Bernhöft	Ásbúð 9
Tinna Reynisdóttir	Krókamýri 48

GARÐAKIRKJA 9. apríl kl. 13.00.

Anna Lís Þorkeldsdóttir	Goðatúni 14
Annalís Hermansdóttir	Óttuhæð 6
Guðjón Einar Guðrúnarson	Lyngmóm 7
Gunnar Sigurðsson	Norðurbrú 4
Helga Þöll Guðjónsdóttir	Ásbúð 7
Kári Sigurgeirsson	Strandvegi 18
Kári Þorbergur Kristinsson	Ásbúð 60
Kolbrún B Róbertsdóttir	Melási 8
Kristófer Lúðvíksson	Löngufit 15
Margrét Jakobsdóttir	Löngufit 7
María Magnúsdóttir	Furuási 7
Nanna Huld Kristjánsd	Hrísmóm 7
Rannveig Jóhannsson	Vesturbrú 1
Sara Ósk Þorsteinsdóttir	Stórakri 9
Theodór Sigurgeirsson	Strandvegi 18

GARÐAKIRKJA 10. apríl kl. 13.00.

Andrés Pétur Axelsson	Löngulínu 27
Anna Bjarnsteinsdóttir	Löngufit 16
Hilmar Már Gunnlaugsson	Lindarflöt 12
Hjörtur Þór Logason	Reynilundi 2
Inga Katrín Guðmundsd.	Sjávargrund 13b
Jón Bragi Hannesson	Brekkuási 11
Kári Þór Arnarsson	Þrastanesi 4
Kristín Helga Sigurðardóttir	Faxatúni 16
Margrét Halla Hansdóttir Lof	Súlunesi 13
Ólafur Friðrik Laufdal Jónsson	Skrúðási 4
Ólafur Hreiðar Ólafsson	Súlunesi 18
Óskar Þór Þorsteinsson	Ásbúð 3
Saga Björnsdóttir	Klettási 19
Soffía Sóley Helgadóttir	Eilundi 8
Stefán Björn Björnsson	Grjótási 2
Steinþór Örn Helgason	Grjótási 4

VÍDALÍNSKIRKJA 17. apríl kl. 13.00

Alma Rut Waage	Hlíðarbyggð 19
Bjarki Freyr Magnússon	Sigurhæð 4
Bryndís Rósa Sigurpálsdóttir	Skógarhæð 6
Dagrún Jónsdóttir	Ægisgrund 16
Grímkell Orri Sigurþórsson	Rjúpnahæð 8
Hildur Sveinsdóttir	Krókamýri 64
Hrafnkell Þráinsson	Sunnufliöt 11
Jónas Rafnar Jónasson	Hegranesi 31
Jökull Snær Gylfason	Eyjabakka 16
Máni Ingvarsson	Hlíðarvegur 14
Óskar Ingólfsson	Bæjargili 80



ATHUGIÐ:

Ekki er tekið við
skeytapöntunum
hjá Vífli.

Panta skal í síma 1446
eða á www.postur.is

Manstu skeytin?

Skeyti eru fermingarkveðjur sem endast áratugum saman og vekja ljúfar minningar. Varðveitum þessa fallegu hefð og sendum fermingarbörnum 2011 skeyti.



SKEYTI
FRÁ *Slagastönd* NR. *102* 7 ORD *15/5* 19*08* KL. *1*

*Bestu kamingjörskis með
fermingardaginn*

Jóhann og Fjölsh


PÓSTURINN
allur pakkinn



Í byrjun ágústmánuðar skunduðu flestir meðlimir dróttskátasveitarinnar Ds. Ólafs til Austurríkis á landsmót. Það átti sér stað í litlum bæ rétt fyrir utan Vín. Landsmótið var sérstakt þetta árið því skátar í Austurríki voru að fagna 100 ára afmæli sínu. Þema útilegunnar var Then, now and beyond. Einnig fórum við í heimagistingu í hina fallegu borginni Graz. Í lok ferðarinnar héldum við í nokkurra daga borgarferð til Vínar.

Við lögðum af stað seint um kvöld þann 1. ágúst en mættum á svæðið 2. ágúst. Fyrsta verkefni okkar var að setja upp tjaldbúð í steikjandi hita sem var algjörlega óbærilegur. Það skýtna var að við vorum í eins fá klædd og við gátum vegna hitans en allir austurrísku skátarnir voru í fullum skátabúningi og virtist ekkert vera heitt. Við settum upp eldhús úr trönnum sem var að okkar mati ein flottasta trönubýgging sem við höfum gert. Þegar því var lokið var landsmótið sett með mikilli hátíð. Á mótinu var hægt að taka þátt í mikilli dagskrá m.a. var eins konar vináttuverðlaun sem aðeins þrír Íslendingar unnu. Einnig voru á hverju kvöldi opin kaffihús þar sem við gátum setið, spjallað og kynnst nýju fólki. Daginn eftir setninguna fórum við í tveggja daga ferð út af mótssvæðinu með austurrísku skátunum. Það var hægt að velja um marga skemmtilega flokka og hér á eftir fara frásagnir nokkurra skáta.

Bever woods

Í minni ferð fór ég í Bever woods og þar áttum við að hjóla u.þ.b 50 km en okkar hópur týndist og endaði á því að fara 80 km. Síðan um nóttina kom vont veður svo við puftum að sofa á næsta bóndabæ. En allt var þetta frábært og ég kynntist fullt af fólki sem mér líkaði við og ég var með næstu kvöldin.

(Sigurður Óli Traustason)

Kill Hill 2

Ógleymanleg fjallganga upp á fjallið Schneeberg.

Við Íslendingarnir vissum ekkert við hverju við áttum við að búast, en hófum þó gönguna af krafti. Þegar ég hugsa til baka, man ég eftir þeirri tilfinningu að labba upp fjallið, skref fyrir skref en gangan tók þó nokkra klukkutíma og lá leið okkar í gegnum ansi fjölbreytt landslag. Það sem gerði gönguna skemmtilega var stemmningin milli göngugarpanna og ekki skemmdi veðrið fyrir, sólin skein hátt á lofti alla ferðina. Allir voru hörkuduglegir, en við Íslendingarnir vildum sýna okkur, og vorum með þeim fremstu megnið af ferðinni. Þegar við komum loks á toppinn var það svo sannarlega þess virði, útsýnið var stórbrotið og þetta var mikill sigur fyrir alla.

(Lilja Dögg Helgadóttir og Alexandra Ýr van Erven)

Sail and bike

Ferðin byrjaði á því að við hjóluðum eina 60 km í æðislegu veðri og þutum framhjá yndisfögru landslagi. Mesta vandamál hjólaferðarinnar var að við biðum í heila eilífd eftir hádegismatnum og hungrið var alveg að yfirbuga okkur. Um nóttina gistum við í gömlu risastóru bátaskýli. Daginn eftir lærðum við að sigla á seglskútum. Þessi ferð var mjög skemmtileg og lærdómsrík.

(Salbjörg Kristín Sverrisdóttir)

City&Crime

Við strákarnir vorum sendir til Vínarborgar í tveggja daga ferðinni. Í Vínarborg var búið að útbúa risa ratleik á alla helstu menningarstaði borgarinnar, þar ferðumst við fótgangandi, með sporvögnum og neðanjarðarlestum. Eftir misgóða matinn á mótsvæðinu sáum við í hillungum ekkert annað en McDonalds og ég held að þetta hafi verið einn af hápunktum ferðarinnar hjá okkur.

(Rúnar Kjartansson)

Daginn sem við komum heim úr ferðinni byrjuðum við á því að elda. Okkur fannst við alltaf vera að elda, meirihluti dagsins okkar fór í að sækja mat eða búa til mat þótt við höfðum ekkert á móti því. Það versta var að það voru kartöflur með öllum mat eða kartöflur sem aðalréttur. Austurrísku skátarnir voru mun betri en við að elda á opnum eldi, því þau gera mikið af því á sínum skátafundum. Um kvöldið var búið að skipuleggja rosalegan póstaleik en honum var frestað vegna storms sem átti að dynja yfir. Allir erlendu skátarnir drifu sig í betra skjól vegna þess að þeir héldu að trén myndu falla. Þessi stormur kom samt aldrei eða þá að við tókum ekki eftir honum.

Á svona mótum er iðulega einn dagur



sem kallast heimsóknardagur og hann gengur út á það að allar sveitir kynna sitt starf eða land. Við íslendingar buðum m.a. upp á kjötsúpu og lakkris og ösku úr Eyjafjallajökli í litlum pokum sem vöktu mikla lukku. Eitt það eftirminnilegasta sem gerðist á mótinu var dagskrárliður sem hét Don't cry, run. Í þessum leik var aðal málið að verða eins skítugur og hægt var. En eftir það gerðum við nokkrar þrautir í drullugu fötunum okkar. Þurftu flestir langa sturtu eftir þetta ævintýri. Við fórum einnig í dagskrárlið sem tengdist endurvinnslu og hópurinn dreifði sér, m.a. voru búnar til körfur, andlitsmaskar og margt fleira. Síðasta daginn var svo farið í afar kalda sundlaug en þrátt fyrir það skemmtu allir sér konunglega. Mótsslitin voru mjög hátíðleg, öll lönd mótsins kusu fulltrúa til að fara upp á svið. Þetta var gert til að sýna fjölda sveita frá öllum löndum og þar var íslenska þjóðbúningnum skartað.

Heimagisting

Eftir stórkostlegt skátamót lá leið okkar aftur í siðmenninguna. Við tókum lest í borgina Graz þar sem austurrísku vinir okkar bjuggu og gistum við tvö til þrjú saman hjá fjölskyldum þeirra. Við vorum í fullri dagskrá þessa þrjá daga. Strax fyrsta daginn skoðuðum við glæsilega höll, heimsóttum stærsta vopnasafn í heimi og fórum upp á háa hæð þar sem var einstakt útsýni yfir alla borgina. Að sjálfsögðu gáfum við okkur smá tíma í verslanir í lok dagsins en þar var farið hamfórum í hinni góðkunnu búð H&M. Annan daginn fórum við aðeins út fyrir borgina í lítinn sveitabæ. Þar skoðuðum við okkur um og horfðum á stórskemmtilega fuglasýningu. Næst var haldið í langþráða heimsókn í súkkulaðiverksmiðju. Þar mátti fá ótakmarkað magn af súkkulaði og urðu



afleiðingar þess margir kvaldir margar af ofáti. Þriðja og síðasta daginn með austurrísku krökkunum fórum við í adrenalíngarð. Þar var stórt vatn svo sundgarparnir gátu sýnt hvað í þeim bjó á meðan aðrir sátu við vatnsbakkann og sóluðu sig. Í garðinum sjálfum fórum við í háloftabraut þar sem við sveifluðum okkur á köðlum í gegnum skóginn, við gerðum hinar ýmsu þrautir og fórum alltaf ofar og ofar í trén. Þegar dagurinn var að kvöldi kominn var förinni aftur heitið í borgina þar sem allar fjölskyldurnar hittust og borðuðu saman dýrindis máltíð. Hinar ýmsu kræsingar voru á boðstólum, m.a. heilsteikt svín og fleiri austurrískir réttir.

Vín

Morguninn eftir veisluna var alls ekki í boði að sofa út, enda beið okkar langt ferðalag til Vínarborgar. Eftir stutt stopp í skátaheimili einu í Vín var förinni heitið í hina stórkostlegu Schönbrunnhöll. Við eyddum dágóðum tíma þar, enda margt spennandi að sjá. Eftir að hafa skoðað hallargarðinn fórum við í dýragarð sem var þarna í garðinum. Hann var ekki af verri endanum en þar sáum við m.a. giraffa, ljón, fíla, nashyrninga og jagúar en ekki pöndu því hún var í fríi. Um kvöldið sátum við aðsnæðingi á austurrískum veitingastað en maturinn þar var vægast sagt ólíkur því sem maður á að venjast hérna heima. Við höldum svo aftur í skátaheimilið þar sem

við sváfum seinustu nóttina okkur. Seinasta daginn okkar í Vín skein sólin hátt á lofti og vöknudum við snemma til þess að ná sem mestum tíma í miðbænum. Eftir að hafa verslað svolítið höldum við upp í skátaheimilið, pökkuðum og fórum beint út á fugvöll. Við lentum seint á þriðjudagskveldi og komum heim alsæl og dauðþreytt eftir frábæra og ógleymanlega ferð.

*Salbjörg Kristín Sverrisdóttir
og Alexandra Ýr van Erven*





Ævintýraútilega á Úlfjótuvatni

Föstudaginn 11. mars fylltist rúta af hressum skátum fyrir utan Jötunheima, en förinna var heitið austur á Úlfjótuvatni í félagsútilegu Vífils. Í útilegunni var ævintýraþema og veðrið boðaði gott, mikill snjór og því nóg að hlakka til. Við komum að Úlfjótuvatni um áttaleytið og var útilegan sett formlega með kyndlum og lestri á spakmælum. Að því loknu tók við skemmtilegur og spennandi viðskiptaleikur sem innihélt ýmsar þrautir og krafðist mikillar skynsemi og útsjónarsemi. Leikurinn gekk út á það að flokkarnir reyndu að versla sér vörur á lágu gengi og seldu þær síðan á háu gengi til að græða á viðskiptunum. Yngstu drekaskátarnir gerðu sér lítið fyrir og

sigruðu leikinn með glæsibrag. Eftir ilmandi kakóbolla skriðu síðan þreyttir skátar ofan í pokann sinn og sváfu vært.

Lífsgleði á laugardegi

Á laugardegi vöknuðu allir snemma og fengu vel þegin og volg rúnstykki í morgunmat, ásamt morgunkorni og súrmjólk. Að lokinni skálaskoðun og morgunleikfimi hófst póstaleikur þar sem við lærðum dans, svöruðum ævintýraspurningum, æfðum skemmtiatriði fyrir kvöldvöku, fórum í skrímslaleik og limbó. Í hádegismat var síðan boðið upp á dýrindis pítsu og borðuðu allir vel eftir útiverunna. Eftir matinn hélt póstaleikurinn áfram í góða veðrinu, nóg var af snjó en sólin skein og

yljaði okkur í frostinu. Í kaffitímanum fengum við síðan nýbakaðar smákökur og heitt kakó. Eftir það var boðið upp á smíðjur þar sem hægt var að smíða sér boga, fara í gönguferð, taka þátt í rathlaupi, aðstoða við undirbúning kvöldverðar, skreyta matsalinn, klifra og síga. Um kvöldið var síðan slegið upp heljarinnar veislu sem hófst á fordrykk með berjabragði. Síðan fengum við fyrsta flokks lasanja og súkkulaðitertu með ís í eftirrétt. Þá tók við kvöldvaka þar sem allir sýndu glæsileg skemmtiatriði sem voru undirbúin í póstaleiknum fyrr um daginn.

Spennandi næturleikur

Að því loknu þurftu allir að vinna saman við að bjarga Öskubusku, Gosa, Lísu í Undralandi, Hans og Grétu og fleiri ævintýrapersónum úr þrísund verstu illmenna ævintýranna í gríðarlega spennandi næturleik. Það sýndi sig og sannaði hve mikilvægt er að vinna saman þegar öllum ævintýra hetjunum var bjargað. Síðan drukku allir kvöldkakó saman áður en farið var að sofa.

Á sunnudegi vöknuðum við og gengum frá dótinu okkar. Eftir morgunmat hófst skemmtilegur spilaleikur sem dróttskátar höfðu skipulagt. Í hádeginu fengum við pylsur og eftir þríf og almennan frágang tók við rútuferð í bæinn. Allir komu heim með bros á vör eftir afar vel heppnaða ævintýraútilegu.

Hildur Hafsteinsdóttir



KRAFTUR - TRAUST - ÁRANGUR

Hjá okkur færðu toppþjónustu!



Sigurður
Lögg. fasteignasali
GSM: 898 6106

Hafdís
Sölustjóri
GSM: 895 6107

Dórothea
Sölufulltrúi
GSM: 898 3326

Jóhanna
Lögg. fasteignasali
GSM: 698 7695

Þóra
Sölufulltrúi
GSM: 822 2225

Berglind
Lögg. fasteignasali
GSM: 694 4000

Árni
Lögg. fasteignasali
GSM: 893 4416

Sigurbjörn
Sölufulltrúi
GSM: 867 3707

Þorsteinn
Sölufulltrúi
GSM: 694 4700

Gunnar
Sölufulltrúi
GSM: 822 3702

Bergsteinn
Lögg. fasteignasali
S: 520 9595

Fasteignasalan Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ - Sími: 520 9595 - Fax: 520 9599 - www.fastorg.is

„KOMDU INN Í KOFANN MINN...“

FERMINGARGJAFIR Í FJALLAKOFANUM

 **Marmot**

Góðir svefnpokar
á frábæru verði!

Wave IV -10°C

20% afsláttur

Áður 27.995,-

NÚ 22.495,-



DAKINE



Mikið úrval af
brettatöskum
og bakpokum!

20% afsláttur
af öllum Dakine töskum



HELSPORT

PETZL

Smartwool

JETBOIL

SILVA

SCARPA

Black Diamond

Marmot

DAKINE

SILVA SJÓNAUKAR OG ÁTTAVITAR

SMITH SKÍÐAHJÁLMAR OG GLERAUGU

BLACK DIAMOND, PETZL OG SILVA HÖFUÐLJÓS

JETBOIL ELDUNARGRÆJUR O.FL. O.FL.



Gjafabréf
FJALLAKOFINN

Nr. 5000

Nr. 10000

GJAFABRÉFIN
GLEÐJA ALLA

við erum á
facebook
twitter

FJALLAKOFINN

Laugavegi 11 | Reykjavíkurvegi 64

Reykjavík

Hafnarfirði

s: 510 9505

www.fjallakofinn.is

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglinga sem eru á aldrinum 6-14 ára. Einnig eru í boði Grallaranámskeið fyrir yngri börn. Skátafélagið Vífill var með fyrstu skátafélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 22 árum. Dagskráin byggist upp á mikilli útivist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi. Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjál.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Dagskrá námskeiðanna byggist upp á tveggja vikna tímabili og endar önnur hvor vika á útilegu við skátaskálann Vífilsbúð. Hægt er að velja að vera eina viku í senn. Þátttakendum er skipt upp í 5 – 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Grallaranámskeið Vífils

Grallaranámskeið eru fyrir börn á aldrinum 5-6 ára. Á námskeiðinu eru börnin við leik og störf við skátaheimilið. Námskeiðinu lýkur með dagsferð. Á námskeiðinu kynnst börnin náttúrunni og læra að vera viðbúin ýmsum áhættuþáttum sem er að finna í nútímapjöldfélagi. Leikir eru einnig ríkur þáttur í dagskránni en reynt er að hafa þá alltaf þroskandi og uppbyggilega. Námskeiðið er byggt á dagskránni "Vertu viðbúinn" sem Bandalag íslenskra skáta gaf út fyrir þennan aldurshóp. Börnin þurfa að koma klædd eftir veðri og með gott nesti fyrir daginn.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annarri hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni skála skátafélagsins Vífilsbúðar. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð og fleira.

Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein okkar skátanna.



Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11-14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með stórrí útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útivist og margvíslegum skátaþrautum íþróttum t.d. kassaklifri o.fl.



Smíðanámskeið Vífils

Nú í sumar er áttunda sumarið sem Vífill hefur yfirumsjón með smíðavöllum Garðabæjar. Síðustu 7 sumur hefur þetta gengið frábærlega.

Dagskrá allan daginn

Nú endurtökum við leikinn og tvínum saman leiki og fjör á smíðavellinum og höfum þar dagskrá allan daginn. Dagskráin er skemmtileg og alltaf nóg að gera. Ef ekki er verið að smíða þá er farið í leiki og Jötunheimar lagðir undir fyrir alla þá aðstöðu sem þarf. Salurinn niðri er nýttur fyrir mataraðstöðu og nóg er hægt að hafa fyrir stafni á námskeiðinu allan daginn.

Smíða kofa eða kassabíl

Eins og venjulega verður hægt að smíða stórhýsi eða kassabíl. Stórhýsi rúmast á

lyftarabretti og því verður hægt að taka það með sér heim að námskeiði loknu og setja upp í garðinum heima. Kjúsir þú að smíða kassabíl er það upp undir þér komið að útvega hjól undir bílinn.

Tvær vikur í senn

Hvert smíðanámskeið verður tvær vikur í senn og er það gott tímabil til að smíða og leika. Dagskráin hefst á hverjum degi klukkan 10:00, en hægt er að mæta klukkan 09:00 í rólega morgunstund.

Skráning á vefnum

Skráning verður á vefsíðu Vífils, sem er www.vifill.is. Einnig verður hægt að skrá í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.







Við í rekkaskátasveitinni Islandus fórum til Færeyja í sumar. Upprunalega ætluðum við að fara til Búlgaríu en það fór ekki eins og ætlað var. Í staðinn bókuðum við ferð með Norrænu og hófum undirbúning.

Við lögðum af stað úr Jötunheimum á miðvikudagskvöldi á tveimur bílum og komum á Seyðisfjörð rétt undir morgun daginn eftir. Er þangað var komið biðum

við eftir ferjunni, sem lagði af stað um hádegisbil. Ferðin til Færeyja tók um sautján tíma en við gátum nú lagt okkur eftir að hafa vakað nær alla nóttina áður. Þegar við komum til Þórshafnar var klukkan fimm að morgni og þá tók við smá göngutúr um bæinn þangað til sundlaugin opnaði. Við fengum okkur sundsprett og fórum eftir það í smá búðarölt. Við versluðum í matinn og lögðum svo af stað að Selatraði, sem er skátamiðstöðin þarna í Færeyjum. Þar reistum við tjald og komum okkur fyrir. Við gerðum margt sniðugt þarna, ferðuðumst mikið og skoðuðum

margt merkilegt. Við ætluðum meðal annars að ganga Slættartind, hæsta fjall Færeyja, en það var of skýjað. Meðal staða sem við skoðuðum voru Gjógv, Kirkjubær og Fuglafjörður. Gjógv er lítill bær norðarlega á Austurey með gamalli bátahöfn og í Kirkjubæ er safn þar sem hægt er að skoða lifnaðarhætti fólks í gamla daga. Í Fuglafirði ætluðum við í sund en laugin var lokuð vegna sumarleyfa. Á kvöldin spiluðum við ýmist eða fórum í göngutúra. Öll kvöld elduðum við ofan í okkur og ekki var maturinn af verri endanum. Síðasti dagurinn var viðburðaríkur. Þá skein sólin hæst og við klæddum okkur í blautbúninga og tókum út bátana sem skátarnir þarna í Færeyjum eiga. Bárur við þá niður í fjöru og renndum okkur út á Atlantshafið. Ekki létum við það duga, hoppuðum út í vatnið og syntum í land.

Heimferðin gekk vel. Við tókum saman tjaldið og gengum frá, þökkuðum fyrir okkur og keyrðum til Þórshafnar. Ferjusiglingin stóð yfir nótt í þetta skiptið sem var mun þægilegra. Við fórum í sund í ferjunni sem var mjög gaman. Ferjan kom á Seyðisfjörð undir morgun og þá tók við akstur heim. Sú ákvörðun var tekin að fara ekki sömu leið og við komum. Slóum við því tvær flugur í einu höggi og keyrðum hringinn í kringum landið.

Ferðin var yfir höfuð mjög skemmtileg. Mikið um akstur en einnig mikið um gleði og skemmtun. Allir komu sáttir heim og þetta er ferð sem minnst verður lengi vel.



Blómabúðin Sóleyjarkot

Sími 546-1720 Garðatorgi



Helgi Sigurðsson úrsmiður

Sími 551-1133 – Skólavörðustíg



Engilbert tannlæknir

Sími 565-6844 Garðatorgi

Áslaug Óskarsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Úlfhildur Leifsdóttir
TANNLÆKNAR

GARÐATORG 7 • SÍMI 565 9080

aslaugo@mi.is

gunnaj@mmedia.is

ulfhildur@islandia.is



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680

**GLERAUGNAVERSLUN
GARÐABÆJAR**

GARÐATORGI

S: 534-2661



TÖLVUMIÐLUN

www.tolvumidlun.is



GH Ljós
Garðatorg 7
210 Garðabæ
Sími 565-6560
gh@gh.is
www.gh.is



GARÐATORGI 7 - GARÐABÆ
Sími : 545-0800 - fax : 545-0801
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Fasteignasalan í Garðabæ



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra!



www.vigtarradgjafarnir.is



Gefðu framtíðarmöguleika í fermingargjöf

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er frábær fermingargjöf.

Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað. Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við.

Þú færð stofnskríteini Framtíðarreiknings í fallegu gjafaumslagi í útibúinu í Garðabæ.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Íslandsbanki